



# Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2024

Fréttatilkynning 23. október 2024

---

# Fréttatilkynning 23. október 2024

## Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2024

- Hagnaður Landsbankans á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 nam 26,9 milljörðum króna eftir skatta, þar af 10,8 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi.
- Arðsemi eiginfjár var 11,7% samanborið við 10,5% á sama tímabili árið áður.
- Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna nam 2,9% og vaxtamunur heimila hækkar úr 2% í 2,1% vegna hækkunar á bindiskyldu.
- Hreinar vaxtatekjur voru 44,1 milljarður króna og hreinar þjónustutekjur voru 8,1 milljarður króna.
- Virðisbreytingar útlána voru neikvæðar um 2,0 milljarða króna, að stórum hluta vegna óvissu um fjárhagslegar afleiðingar náttúruhamfaranna á Reykjanesskaga.
- Kostnaðarhlutfallið var 32,3% samanborið við 34,6% á sama tímabili árið 2023.
- Eiginfjárhlutfall í lok tímabilsins var 24,1% en fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gerir 20,4% heildarkröfu um eiginfjárgrunn.
- Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands birti í september niðurstöður mats síns um að bankinn væri hæfur til að fara með virkan eignarhlut í TM tryggingum hf. Beðið er niðurstöðu málsmeðferðar Samkeppniseftirlitsins.

### Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir:

„Uppgjörið endurspeglar traustan rekstur og aukin umsvif. Bankinn er í sókn á öllum sviðum og þjónustutekjur eru sterkar, enda höfum við lagt áherslu á að bæta við nýjum þjónustupáttum og auka hlutdeild bankans. Sífelld þróun á Landsbankaappinu og nýjungar skila sér greinilega í aukinni notkun, ekki síst á meðal ungs fólks. Þetta á til dæmis við um lífeyrissparnað, en samningum um viðbótarlífeyrissparnað við ungt fólk fjölgaði um 17,3% eftir að þessum möguleika var bætt við í appinu.

Þótt notkun á stafrænum lausnum haldi áfram að aukast er mikið leitað til bankans varðandi ráðgjöf og aðra þjónustu í útibúum og þjónustuveri. Við erum með 35 útibú og afgreiðslur um land allt og tökum vel á móti viðskiptavinum en alls voru skráðar um 85 þúsund heimsóknir hjá gjaldkerum og ráðgjöfum bankans á liðnum fjórðungi. Við leggjum áherslu á frumkvæði í samskiptum við viðskiptavini og viðskiptavinir með lán sem voru að koma að lokum fastvaxtatímabils fengu símtal frá bankanum og var boðin ráðgjöf.

Undanfarin ár hefur hærra vaxtastig skilað sér í góðri ávöxtun lausafjár bankans en um leið hefur fjármögnun bankans orðið dýrari, sér í lagi vegna hærri vaxta á innlánnum, sem skilar sér beint til viðskiptavina í formi betri ávöxtunar sparifjár. Sem dæmi má nefna að bestu vextir á innlán fyrirtækja hjá bankanum eru nú 8,65% á ári. Vaxtamunur bankans í heild hefur lækkað frá fyrri fjórðungi og vaxtamunur heimila, sem er munur á óbundnum íbúðalánavöxtum og vöxtum á óbundnum sparnaði, er nú 2,1%.

---

Kröftugur útlánavöxtur á árinu kom okkur aðeins á óvart í ljósi hás vaxtastigs, en vel hefur gengið að fjármagna þennan vöxt og vanskil eru áfram lítil. Heildarútlán bankans hafa aukist um 155 milljarða króna, sem jafngildir um 9,5% vexti. Þar af eru 53,6 milljarðar króna vegna lána til einstaklinga og eru það nær allt íbúðalán. Vegna aukinnar eftirspurnar eftir verðtryggðum íbúðalánnum og hærri fjármögnunarkjara á verðtryggðum skuldabréfum, breyttum við framboði á verðtryggðum íbúðalánnum, meðal annars í þeim tilgangi að draga úr eftirspurn. Við bjóðum áfram bestu kjörin meðal banka en hættum að veita jafngreiðslulán nema til fyrstu kaupenda. Mánaðarlegar greiðslur verða hærri en ella hjá þeim sem kjósa verðtryggð lán en á móti kemur að eignamyndun verður hraðari. Með þessu móti gátum við haldið vaxtahækkunum hóflegum og við teljum að þessi breyting komi sér betur fyrir langflesta viðskiptavinum bankans.

Nýleg græn fjármögnun að upphæð 300 milljónir evra var mjög vel heppnuð og kjörin þau bestu sem íslenskir bankar hafa fengið um nokkra hríð. Hluti af útgáfunni fer í að greiða upp eldri útgáfur sem voru á enn hagstæðari kjörum þannig að heildaráhrifin eru lítillaga hærri fjármögnunarkostnaður fyrir bankann.

Við biðum eftir niðurstöðu úr athugun Samkeppniseftirlitsins á kaupum bankans á TM. Á meðan á biðinni stendur kveða reglur á um takmarkanir á samskiptum starfsfólks fyrirtækjanna. Ef jákvæð niðurstaða fæst mun bankinn ganga frá kaupunum fljótlega í kjölfarið og verkefnið getur hafist af fullum krafti. Með kaupum bankans á TM viljum við veita viðskiptavinum enn betri og fjölbreyttari þjónustu í gegnum allar þjónustuleiðir bankans.“

## Helstu atriði úr rekstri og efnahag á þriðja ársfjórðungi (3F) 2024

### Rekstur:

- Hagnaður á 3F 2024 nam 10,8 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 7,9 milljarða króna hagnað á sama tímabili árið 2023.
- Arðsemi eiginfjár var 14,0% á 3F 2024, samanborið við 10,9% á sama tímabili 2023.
- Hreinar vaxtatekjur voru 15,0 milljarðar króna en þær námu 15,2 milljörðum króna á sama tímabili 2023.
- Hreinar þjónustutekjur námu 2,7 milljörðum króna en voru 2,3 milljarðar króna á 3F 2023.
- Virðisbreyting útlána og krafna var jákvæð um 1,4 milljarða króna á 3F 2024.
- Bankinn hefur til skoðunar að hefja á fjórða ársfjórðungi opið sölufarli á 47,9% eignarhlut bankans í Greiðslumiðlun Íslands ehf., sem meðal annars á dótturfélagið Motus.

### Efnahagur:

- Útlán jukust um 9,5% á fyrstu níu mánuðum ársins 2024, eða um 154,6 milljarða króna. Útlán til einstaklinga jukust um 53,6 milljarða króna. Útlán til fyrirtækja jukust um 101 milljarð króna, en þar af eru gengisáhrif tæpur 0,5 milljarður króna til hækkunar.
- Innlán jukust um 16,2% frá áramótum, eða um 169,9 milljarða króna. Innstæður á sparireikningum í appi jukust um 62,6%.
- Meirihluti íbúa Grindavíkur með íbúðalán hjá bankanum hefur kosið að selja Fasteignafélaginu Þórkötlu fasteignir sínar. Afgreiðslu á viðskiptum á milli þessara aðila var ekki að fullu lokið í lok þriðja ársfjórðungs en þá var búið að greiða upp íbúðalán til 464 einstaklinga sem eru í viðskiptum við bankann og veita fasteignafélaginu lán að fjárhæð 12,4 milljarðar króna.
- Bankinn fylgist náið með og stýrir lausafjárahættu sinni í heild, í erlendum myntum og í íslenskum krónum. Lausafjórhlutfall bankans var 263% í lok 3F 2024, samanborið við 238% í lok 3F 2023.

## Lykiltölur samstæðunnar

REKSTUR	9M 2024	9M 2023	Breyting	Breyting%	3F 2024	3F 2023	Breyting	Breyting%
Fjárhæðir í milljónum króna								
Hagnaður tímabilsins	26.908	22.383	4.525	20,2%	10.787	7.910	2.877	36,4%
Hreinar vaxtatekjur	44.090	42.776	1.314	3,1%	14.955	15.241	( 286)	(1,9%)
Hreinar þjónustutekjur	8.068	8.087	( 19)	(0,2%)	2.690	2.336	354	15,2%
Aðrar rekstrartekjur	6.445	1.150	5.295	460,4%	3.571	( 41)	3.612	
Rekstrartekjur	58.603	52.013	6.590	12,7%	21.216	17.536	3.680	21,0%
Laun og launatengd gjöld	( 12.005)	( 11.534)	( 471)	4,1%	( 3.582)	( 3.221)	( 361)	11,2%
Annar rekstrarkostnaður	( 7.569)	( 7.113)	( 456)	6,4%	( 2.492)	( 2.388)	( 104)	4,4%
Rekstrargjöld	( 21.529)	( 20.410)	( 1.119)	5,5%	( 6.793)	( 6.252)	( 541)	8,7%

EFNAHAGUR	30.9.2024	31.12.2023	Breyting	Breyting%
Heildareignir	2.185.796	1.960.776	225.020	11,5%
Útlán til viðskiptavina	1.785.470	1.630.894	154.576	9,5%
Innlán frá viðskiptavinum	1.218.394	1.048.537	169.857	16,2%
Eigið fé	314.049	303.754	10.295	3,4%

KENNIÖLUR	9M 2024	9M 2023	3F 2024	3F 2023
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	11,7%	10,5%	14,0%	10,9%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu eigna	2,9%	3,0%	2,8%	3,1%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	1,3%	1,3%	1,1%	1,2%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)*	32,3%	34,6%	30,7%	31,5%

	30.9.2024	30.6.2024	31.3.2024	31.12.2023	31.12.2022
Eiginfjárhlutfall alls	24,1%	24,4%	24,9%	23,6%	24,7%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	136%	138%	157%	145%	132%
Heildarlausafjárþekja	263%	177%	272%	181%	134%
Lausafjárþekja erlendra mynta EUR (LCR FX til og með 2022)	666%	447%	947%	1.499%	351%
Vanskilahlutfall (>90 daga)	0,6%	0,5%	0,7%	0,3%	0,2%
Meðalstöðugildi	807	824	824	849	843
Stöðugildi í lok tímabils	813	824	826	817	813

\*K/T = Rekstrargjöld alls/(Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána).

## Fjárhagsdagatal Landsbankans

- Ársuppgjör 2024 30. janúar 2025
- Aðalfundur 19. mars 2025
- 1F 2025 30. apríl 2025
- 2F 2025 17. júlí 2025
- 3F 2025 23. október 2025
- Ársuppgjör 2025 29. janúar 2026